

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 26. nóvember 2018 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Þorsteinn Gunnarsson og Elías Pétursson og Sigurður Þór Guðmundsson á Skype. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. og ritaði fundargerð. Aðalsteinn J. Halldórsson boðaði forföll.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Erindi HSP vegna samstarfs um eflingu íþróttatarfs í héraði

Rætt hvernig hægt sé að taka næstu skref í málinu í framhaldi af bókun síðast fundar fulltrúaráðs. Niðurstaðan varð sú að fela formanni og framkvæmdastjóra að vinna drög að bréfi þar sem óskað væri frekari upplýsinga, m.a. um hvernig sambandið sér fyrir sér samspil þess og einstakra aðildarfélaganna. Síðan verði forsvarsmenn sambandsins boðaðir til viðræðna fljótlega á nýju ári.

2. Sameiginleg atvinnustefna og skipulagsmál

Málið rætt í framhaldi af síðasta fulltrúaráðsfundi sem vísaði því til framkvæmdastjórnar. Samstaða um að atvinnustefna þyrfti að haldast í hendur við aðalskipulag og einnig að æskilegt væri að koma á formlegu og reglulegu samtali milli skipulagsnefnda sveitarfélaganna. Ákveðið að leita m.a. upplýsinga hjá þeim skipulagsráðgjöfum sem eru að vinna fyrir sveitarfélögin í dag og taka málið svo til frekari umræðu á næsta fundi.

3. Önnur mál

Rætt um jafnlaunavottun og möguleika á samstarfi sveitarfélaganna í þeirri vinnu en þau hafa frest út árið til að ljúka henni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:20